

Hafnarfirði, 19. júlí 2016

Hafnarfjarðarbær  
b.t. bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður



## Efni: Útboð á hönnun hjúkrunarheimilis við Sólvang

Í nóvember 2015 auglýsti Hafnarfjarðarbær eftir tilboðum í hönnun nýs hjúkrunarheimilis við Sólvang. Umbjóðandi minn, STH teiknistofa, kt. 510298-2769, Strandgötu 11, Hafnarfirði, ásamt Landmótun sf. reyndust vera með lægsta tilboðið. Munaði verulega á því og því sem næst kom. Með tölvupósti dagsettum 16. febrúar 2016 tilkynnti Hafnarfjarðarbær umbjóðanda mínum að hann hyggðist ganga til samninga við hann á grundvelli tilboðsins.

Þeir aðilar sem áttu lægsta tilboðið kærðu ákvörðun bæjarins til Kærunefndar útboðsmála. Byggðu þeir á því að umbjóðandi minn fullnægði ekki gæðakröfum útboðsins. Með úrskurði nefndarinnar í málinu nr. 3/2016 féllst hún á kröfur kæranda. Byggir niðurstaða nefndarinnar á orðalagstúlkun á hliðsjónargögnum, sem ekki voru hluti útboðsgagna.

Með tölvupósti dagsettum 24. júní s.l. tilkynni Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðarbæjar, umbjóðanda mínum að bærinn hefði ákveðið að ganga til samninga við þá aðila sem áttu næst lægsta tilboðið í verkið. Vísaði hann um heimild sína til að sniðganga niðurstöðu útboðsins til niðurstöðu kærunefndarinnar.

Umbjóðandi minn mótmælir harðlega þessari ákvörðun Hafnarfjarðarbæjar. Hann telur hana ranga, tilhæfulausa og til þess fallna að valda honum tjóni. Umbjóðandi minn mun ekki una niðurstöðu kærunefndarinnar enda er hún röng og grundvöllur hennar allur mjög ótraustur. Umbjóðandi minn mun vísa málinu til dómstóla til að fá niðurstöðu nefndarinnar hnekkt. Jafnframt mun hann kanna alla þá möguleika sem landslög veita honum til þess að stöðva framkvæmdir við hönnun og uppbyggingu heimilisins á meðan skorið er úr ágreiningnum fyrir dómi.

Umbjóðandi minn telur að rétt hefði verið að Hafnarfjarðarbær hefði sjálfur skotið málinu til héraðsdóms og fengi ákvörðun sína staðfesta þar, í stað þess að lúta röngum úrskurði nefndarinnar. Það er mat umbjóðanda míns að það hefði orðið farsælla fyrir bæinn á endanum.

Ljóst er að umbjóðandi minn hefur þegar orðið fyrir miklu tjóni á meðan á rekstri þessa máls hefur staðið. Hann mun verða fyrir áframhaldandi tjóni allt þar til lyktir eru fengnar í málinu. Lýsir hann ábyrgð á hendur Hafnarfjarðarbæ vegna þessa tjóns, en hann telur bæinn bera alla ábyrgð á því hvernig málið hefur þróast. Áskilur umbjóðandi minn sér rétt til bóta úr hendi bæjarins vegna alls þessa tjóns.

Virðingarfyllst,

Jón Auðunn Jónsson hrl.